

Fiskeldi Austfjarða hf.
Vörðu 1
765 Djúpivogur

Reykjavík, 5. október 2023
UST202309-211/H.G.
08.12.01

Handhafabreyting á starfsleyfi – Fiskeldi í utanverðum Reyðarfirði

Vísað er til umsóknar rekstraraðilans Fiskeldi Austfjarða hf., kt. 5204120930 og handhafa starfsleyfis Laxar Fiskeldi ehf., kt. 450220-1400, sem barst stofnuninni þann 20.9.2023, þar sem óskað er eftir því að færa starfsleyfi Laxa Fiskeldi ehf. sem hefur leyfi til framleiðslu á 3.000 tonnum af laxi í Reyðarfirði yfir til Fiskeldis Austfjarða hf.

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um færslu starfsleyfisins, sem er breyting á starfsleyfi, sbr. 14. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ekki er um að ræða breytingar á starfsleyfisskilyrðum. Með þessari ákvörðun færast réttindi og skyldur varðandi starfsleyfið yfir til Fiskeldi Austfjarða hf.

Gjald vegna færslu starfsleyfisins verður innheimt hjá handhafa starfsleyfis, skv. 4. mgr. 4. gr. gjaldskrár stofnunarinnar nr. 206/2023.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um færslu starfsleyfisins er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá dagssetningu þessa bréfs, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllst,

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Hlín Gísladóttir
lögfræðingur